

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Pétur Blöndal formaður
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/1496
komudagur 6.3.2007

6. mars 2007
Tilvísun: 2007020102

Efni: Varðandi frumvarp til breytinga á 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þskj. 429, 387. mál

Vísað er til nefnds frumvarps og viðræðna sem fram fóru á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd 13. og 16. febrúar sl. Með hliðsjón af framanrituðu skal eftirfarandi getið.

1) Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Fjármálaeftirlitið tók þátt í undirbúningsvinnu við samningu nefnds frumvarps. Ákvæði 82. gr. nefndra laga fjallar um skyldu váttryggingartaka og váttryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu og jafnframt um takmarkanir á upplýsingagjöf aðila og heimildir váttryggjenda til að nýta sér heilbrigðisupplýsingar. Líkt og fram kom á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd, þann 13. febrúar sl., gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við frumvarpið. Verði frumvarpið samþykkt telur eftirlitið að það eyði þeirri óvissu sem uppi hefur verið um gildissvið 82. gr. nefndra laga.

2) Fundur eftirlitsins, Persónuverndar og Samtaka fjármálafyrirtækja 28.02. sl.

Efnahags- og viðskiptanefnd mun vera kunnugt um nefndan fund sem Persónuvernd boðaði til. Á fundinum var fjallað um tillögu til breytinga á frumvarpinu með hliðsjón af þeirri umræðu sem fram hefur farið að undanförmu. Var samþykkt að Persónuvernd myndi gera efnahags- og viðskiptanefnd skriflega grein fyrir tillögu að endurskoðaðri 82. gr., sem samkomulag varð um á fundinum. Fjármálaeftirlitinu er kunnugt um að Persónuvernd hafi sent efnahags- og viðskiptanefnd bréf þessa efnis, sem mun hafa verið móttækið í gær. Persónuvernd sendi nefndinni og þann 1. mars sl. afrit af fundargerð þeirri sem undirrituð var á nefndum fundi aðila.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemd við þá tillögu að endurskoðaðri 82. gr. nefndra laga sem fjallað er um nefndri fundargerð.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á mikilvægi þess máls sem hér er til umræðu sem hefur það m.a. að markmiði að eyða þeirri óvissu sem verið hefur um gildissvið 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson

Rúnar Guðmundsson